

## **Reglur Fljótsdalshrepps um niðurgreiðslur vegna daggæslu barna í heimahúsum**

Reglurnar eiga við þegar barn fær ekki pláss í leikskólum Fljótsdalshéraðs, sem samningar Fljótsdalshrepps við Fljótsdalshérað taka til.

### **1. gr. Réttur til niðurgreiðslu**

Rétt til niðurgreiðslu vegna vistunar hjá dagforeldrum eiga foreldrar með lögheimili í Fljótsdalshreppi, sem fá ekki pláss fyrir börn sín í leikskólum Fljótsdalshéraðs, sem samningar Fljótsdalshrepps við Fljótsdalshérað taka til.

Réttur til til niðurgreiðslu gildir að hámarki frá því að fæðingarorlofi líkur sbr. lög nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof og þar til barni er boðin dvöl í leikskóla. Daggæsla er niðurgreidd allt að 11 mánuði á ári. Ekki er greitt niður með börnum á leikskólum sem dvelja í daggæslu yfir sumartímann.

### **2. gr. Skilyrði fyrir niðurgreiðslu.**

Forsjárforeldri og barn þarf að eiga lögheimili í Fljótsdalshreppi.

Forsjárforeldri sækir um niðurgreiðslu á til þess gerðum umsóknareyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Fljótsdalshrepps, eða á skrifstofu sveitarfélagsins í Végarði.

Umsókn um niðurgreiðslu skal endurnýja fyrir 1. ágúst ár hvert, eða ef hlé verður gert á gæslu.

Dagforeldri þarf að hafa tilskilin leyfi yfirvalda til daggæslu á heimili sínu.

Foreldri er ekki í fæðingarorlofi og fær ekki vistun fyrir barnið í leikskólum Fljótsdalshéraðs sem samningar Fljótsdalshrepps við Fljótsdalshéraðs taka til.

Kvittun frá viðkomandi dagforeldri þarf að liggja fyrir undangenginn mánuð.

### **3. gr. Fjárhæð niðurgreiðslu**

Fjárhæð niðurgreiðslu miðast við vistunartíma barns og greiðist foreldri til lækkunar vistunargjalds hjá dagforeldri.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps hefur samþykkt að foreldrar barna á leikskóla greiði aðeins fæðisgjald- og foreldrafélagsgjald. Niðurgreiðsla vistunar barna hjá dagmæðrum miðast við að gera foreldra barna sem ekki fá pláss á leikskóla, jafnsetta og tekur niðurgreiðslan mið af því.

Verði samþykkt um greiðslu leikskólagjalda felld niður eða breytt, falla reglur um niðurgreiðslu vegna vistunar hjá dagforeldra úr gildi.

### **4. gr. Gildistaka**

Reglur þessar eru setta skv. heimild í 42. gr reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

Reglurnar taka gildi við samþykkt þeirra. Ekki verða veittar niðurgreiðslur aftur í tímann, þó umsækjandi hafi átt rétt á þeim.

Reglurnar eru til endurskoðunar árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 01.08 2017*